

Ályktun stjórnar Íbúasamtaka Grafarvogs varðandi skólamál og sameiningu unglिंगadeilda milli hverfa í Grafarvogi.

Grafarvogi Reykjavík, 10. febrúar 2012

Stjórn Íbúasamtaka Grafarvogs skorar á fulltrúa Skóla- og frístundaráðs áður Menntaráðs Reykjavíkurborgar að taka fullt tillit til afstöðu foreldra, nemenda og íbúa hverfa Grafarvogs um málefni er varða sameiningu unglिंगadeilda Hamraskóla og Húsaskóla til Foldaskóla.

Stjórn íbúasamtakanna krefst þess af borgarfulltrúum að þeir standi við loforð um samráð og íbúalýðræði og endurskoði fyrri ákvarðanir á grundvelli hagsmuna íbúa og nemenda.

Stjórn íbúasamtakanna gerir þá kröfu til borgarfulltrúa að þeir leggi fram ítarleg og fullnægjandi gögn sem styðja sameiningu unglिंगadeildanna, gögn sem sýna fram á að ekki sé verið að fórnna meiri hagsmunum fyrir minni.

Í framhaldi af málefnalegum foreldra- og íbúafundum í hverfum Grafarvogs að undanfögnu, ályktunum og yfirlýsingum hagsmunaaðila, bendum við á mikilvægi þess að ákvarðanir og stjórnun skólamála í hverfum Grafarvogs sé í sátt við nemendur, foreldra, íbúa og stjórnendur og ekki sé ráðist í breytingar sem ekki næst breið samstaða um.

Íbúasamtök Grafarvogs hvetja borgarfulltrúa og aðra hagsmunaaðila til þess að kynna sér forsendur og gögn varðandi fyrirhugaða sameiningu á vef íbúasamtakanna www.ibuasamtok.com og taka samfélagslega ábyrgð á þessu mikilvæga málefni er varða alla íbúa Grafarvogs og annarra íbúa borgarinnar. Það er krafa stjórnar íbúasamtakanna til allra hagsmunaaðila að þeir standi vörð um það dýrmætasta sem býr í Grafarvogi, unga fólkið.

Stjórn Íbúasamtaka Grafarvogs.